

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 75/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/490/EB frá 30. júní 2003 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Argentínu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5ef (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5eg. **32003 D 0490**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/490/EB frá 30. júní 2003 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Argentínu (Stjtíð. ESB L 168, 5.7.2003, bls. 19).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/490/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 168, 5.7.2003, bls. 19.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefintil kynna.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.